

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

I. Um biðskyldu og aðalbrautarétt

1. Að biðskylda verði á botngötum Huldubrautar til norðurs gagnvart megingötu Huldubrautar.
2. Að biðskylda verði á botngötu Lækjarhjalla til norðurs gagnvart megingötu Lækjarhjalla.
3. Að biðskylda verði á botngötum Skógarhjalla til norðurs gagnvart megingötu Skógarhjalla.
4. Að biðskylda verði á öllum götum sem liggja að Arnarsmára.
5. Að biðskylda verði á Arnarsmára gagnvart Fífuhvammsvegi og Dalsmára.
6. Að biðskylda verði á aðliggjandi götum Fífuhvammsvegar gagnvart Fífuhvammsvegi.
7. Að biðskylda verði á Fífuhvammsvegi gagnvart Arnarnesvegi og Hafnarfjarðarvegi.
8. Að biðskylda verði á vegi að Digraneskirkju gagnvart Digranesvegi.
9. Að biðskylda verði á Blikahjalla, Brekkuhjalla og Bakkahjalla gagnvart Hlíðarhjalla.
10. Að biðskylda verði á Heiðarhjalla gagnvart Hlíðarhjalla og Skálaheiði.
11. Að biðskylda verði á botngötu Heiðarhjalla nr. 2 til 20, gagnvart Heiðarhjalla, aðalgötu.
12. Að biðskylda verði á Gnitaheiði og Gnípuheiði gagnvart Digranesheiði.
13. Að Vesturvör njóti aðalbrautarréttar gagnvart aðliggjandi götum.

II. Um bifreiðastöður

Heimilaðar eru bifreiðastöður beggja vegna Vallargerðis vestan Þinghólsskóla.

III. Um hámarkshraða

Hámarshraði á Elliðavatnsvegi verði 30 km/klst.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn í Kópavogi, 19. maí 1994.

Þorleifur Pálsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignastofnunina Media upplýsingaþjónusta á Íslandi.

Neðangreindir aðilar hafa gert með sér eftirfarandi samkomulag um stofnun sjálfseignastofnunar vegna reksturs Media upplýsingaþjónustunnar á Íslandi:

Menntamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík.

Félag kvikmyndagerðarmanna, kt. 650572-1229, Laugavegi 24, 101 Reykjavík.